

Fimmtudaginn 30. janúar 1997.

Nr. 45/1997.

Rannsóknarlögregla ríkisins

(Jón H. Snorrason,
vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins)
gegn

Póri Erni Ólafssyni

(Ásgeir Á. Ragnarsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. janúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 12. febrúar 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1997.

Ár 1997, þriðjudaginn 28. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Póri Erni Ólafssyni, kt. 260969-3669, með lögheimili að Snælandi 3, Reykjavík, en dvalarstað að Berjaríma 6, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. febrúar 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn tollalögum nr. 55/1987 og ákvæðum XII., XIV. og XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærða var gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 12. janúar sl.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur undanfarnar vikur unnið að rannsókn á ólögmætum innflutningi áfengis í tveimur vörugámum hingað til lands. Að sögn lögreglunnar kom hinn fyrri frá Rotterdam í Hollandi um mánadámót maí og júní 1996 og í honum 13.200 flöskur af sterku áfengi, en hinn síðari frá Bandaríkjunum í desember 1996 og í honum 10.620 flöskur af vodka. Kærði er grunaður um að hafa staðið að þessum innflutningi og notið liðsinnis tollvarðar, en auk þess grunaður um að hafa notað falsað skjal í tengslum við fyrri innflutninginn. Lögregla telur, að um skipulagðan innflutning í söluskyni sé að ræða.

Kærði hefur viðurkennt innflutninginn í desember 1996 og að ætlunin hafi verið að selja áfengið, en neitar því, að hann hafi notið til þess liðsinnis tollvarðar. Kærði hefur neitað því að hafa flutt inn áfengi um miðbik ársins 1996, en með hliðsjón af gögnum málsins þykir sá framburður ótrúverðugur.

Kærði er undir rökstuddum grun um ólögmætan innflutning á miklu magni áfengis, en hann varðar við lög nr. 55/1987 og gæti því varðað kærða fangelsi skv. 124. gr. þeirra laga. Hann liggur enn fremur undir rökstuddum grun um brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hlutdeild í broti gegn ákvæðum XIV. kafla sömu laga.

Rannsókn málsins, sem er umfangsmikið, hefur miðað nokkuð áfram, en ekki sér enn fyrir enda hennar. Hefur fjöldi vitna og sakborninga verið yfirheyrdur og lagt hald á mörg þúsund flöskur af sterku áfengi. Rannsóknin hefur bæði beinst að dreifingu áfengisins og einstökum þáttum innflutningsins, en auk þess hyggst lögregla afla ýtarlegri gagna og upplýsinga frá yfirvöldum þeirra landa, sem gámarnir komu frá. Ástæða er til að ætla, að kærði gæti torvelað rannsókn málsins, ef hann færi frjáls ferða sinna, svo sem með því að hafa áhrif á samseka eða vitni, sem lögregla þarf að yfirheyra nánar. Skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 er fullnægt, og er því fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Þórir Örn Ólafsson, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. febrúar 1997 kl. 16.00.